

**GJALDSKRÁ**  
**fyrir fráveitu á veitusvæði**  
**Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu, Borgarbyggð.**

Félagsfundur Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu hefur samþykkt eftirfarandi gjaldskrá fyrir fráveitu og birtir hana í umboði byggðarráðs Borgarbyggðar:

Sveitarfélag	Fast gjald kr./matseiningu	Breytilegt gjald kr./fermetra
Veitusvæði III – Borgarbyggð	13.394	516,92

Heimilt er að innheimta fráveitugjald af öllum fasteignum þar sem tenging er fyrir hendi við mörk fasteignar. Fráveitugjald samanstendur af fastagjaldi á hverja matseiningu og fermetragjaldi eftir stærð samkvæmt fasteignamati. Heimilt er að reiknað sé af flatarmáli allra mannvirkja á fasteign.

Heimilt er Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu að gjaldfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningaráinnar.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og reglugerð um fráveitur sveitarfélaga nr. 982/2010 öðlast gildi 1. janúar 2017. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1136/2015.

*Reykjavík, 6. desember 2016.*

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu,  
**Inga Dóra Hrólfssdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2016